



VINNUMÁLASTOFNUN

Ráðgjafarþjónusta VMST

Ráðgjöf um starfsþróun og starfsval



Ráðgjöf um starfsþróun

Til að bregðast við örum breytingum á vinnumarkaði er þörfin fyrir að viðhalda og uppfæra þekkingu sína nauðsynleg öllum. Val um starf er ekki lengur ákvörðun sem einstaklingur stendur frammi fyrir einu sinni á ævinni. Þróun starfsferils er ævilangt ferli.

Leitaðu til náms og starfsráðgjafa VMST ef þú vilt svör við:

- Hvaða nám eða þjálfun myndi henta mér?
- Hvar liggja hæfileikar mínir?
- Gæti ég skipt um starfsvettvang?
- Hvað tel ég mikilvægt við starf mitt og starfsþróun?
- Hvar liggur færni mín og styrkur og möguleikar til að þróast?
- Hefur heilsa mín áhrif á möguleika mína?
- Hvað er ég tilbúin/n að leggja á mig til að ná markmiðum mínum?

Náms- og starfsráðgjafar VMST aðstoða atvinnuleitendur við að svara spurningum sem tengjast starfsþróun þeirra.

Þeir bjóða:

- Persónulega ráðgjöf.
- Ráðgjöf um starfsleit.
- Aðstoð við ferilskrágerð og aðferðir í atvinnuleit.
- Ráðgjöf um starfsþróun og möguleika á þátttöku í símenntun.
- Greiningu á áhugasviði og mat á færni.
- Tækifæri á starfsþjálfun og reynsluráðningu.
- Upplýsingar og ráðgjöf um þátttöku í námskeiðum og/eða öðrum úrræðum á vegum VMST.
- Mat á starfshæfni og þörfinni fyrir starfsendurhæfingu.
- Ráðgjöf og aðstoð við fatlaða og öryrkja í atvinnuleit.
- Tilvísun á aðra sérfræðinga.

Ráðgjöf VMST skiptist í:

- **Grunnráðgjöf sem felur í sér upplýsingagjöf og leiðsögn um þjónustu stofnunarinnar.**
- **Sérfræðiráðgjöf sem sérmenntaðir ráðgjafar veita í einstaklingsviðtölum og í hópum.**

Framkvæmd:

Þegar atvinnuleitandi skráir sig á þjónustuskrifstofu VMST byrjar hann á að fá grunnráðgjöf og upplýsingar um þjónustu stofnunarinnar. Hann er síðan bókaður í næsta viðtal (reglubundin samskipti) hjá sérfræðiráðgjafa.

Að auki getur atvinnuleitandi óskað sjálfur eftir aðstoð ráðgjafa með því að hafa samband við þjónustuskrifstofu og óska eftir viðtali.

Þjónustan er öllum opin sem eru í atvinnuleit og kostar ekkert.

VERIÐ VELKOMIN



STAÐFESTING Á ATVINNULEIT

**Atvinnuleitandi þarf að staðfesta atvinnuleit á tímabilinu
20. - 25. hvers mánaðar**

- Á www.vinnumalastofnun.is
- Með tölvupósti á þjónustuskrifstofu
- Í símtali við þjónustuskrifstofu
- Með komu á þjónustuskrifstofu/skráningarstað

Staðfesting
á atvinnuleit



Við staðfestingu þarf að koma fram kennitala og leyninúmer atvinnuleitanda

**Staðfestingin er nauðsynleg til að tryggja greiðslur atvinnuleysis-
bóta 1. virkan dag næsta mánaðar**

Atvinnuleitandi afskráir sig sjálfur á sama hátt þegar atvinnuleit lýkur

ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUR

- Vinnumálastofnun á Höfuðborgarsvæðinu, Engjateigi 11, 105 Reykjavík
Sími 515 4850 Fax 588 2587 netpóstur hofudborgarsvaedid@vmst.is
- EES-vinnumiðlun, Engjateigi 11, 105 Reykjavík
Sími 554 7600 Fax 554 7601 netpóstur eures@vmst.is
- Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Stíllholti 18, 300 Akranes
Sími 430 5300 Fax 430 5301 netpóstur vesturland@vmst.is
- Vinnumálastofnun á Vestfjörðum, Árnagötu 2-4, 400 Ísafjörður
Sími 450 3000 Fax 450 3015 netpóstur vestfirdir@vmst.is
- Vinnumálastofnun á Norðurlandi vestra, Þverbraut 1, 540 Blönduós
Sími 455 4200 Fax 455 4201 netpóstur nordurland.vestra@vmst.is
- Vinnumálastofnun á Norðurlandi eystra, Skipagötu 14, 600 Akureyri
Sími 460 5100 Fax 462 2100 netpóstur nordurland.eystra@vmst.is
- Vinnumálastofnun á Austurlandi, Miðási 1, 700 Egilsstaðir
Sími 471 2288 Fax 471 2287 netpóstur austurland@vmst.is
- Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Austurvegi 56, 800 Selfoss
Sími 480 5000 Fax 480 5011 netpóstur sudurland@vmst.is
- Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, Hafnargötu 55, 230 Keflavík
Sími 421 8400 Fax 421 8405 netpóstur sudurnes@vmst.is